
Minnisblað

Dagsetning: 19. janúar 2022
Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir
Viðtakandi: Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra
Málsnúmer/skjalalykill: 21011462

Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis um breytingu á reglugerð nr. 1240/2021 um sóttkví og einangrun vegna COVID-19.

Þann 4. nóvember 2021 tók gildi reglugerð nr. 1240/2021 um sóttkví og einangrun og sóttvarnaráðstafanir á landamærum Íslands vegna COVID-19. Í 4. grein reglugerðarinnar er kveðið á um skyldu einstaklinga til að fara í sóttkví eða viðhafa smitgát með sýnatökum samkvæmt ákvörðun smitrakningateymis.

Ef smitrakning leiðir í ljós að útsetning fyrir smiti hefur verið minniháttar er einstaklingi heimilt að sleppa við sóttkví en skylt að viðhafa svokallaða smitgát með tveimur sýnatökum. Í smitgátinni felst skylda til að fara í hraðpróf á fyrsta og fjórða degi smitgátar en a.ö.l. geta einstaklingar sótt sína vinnu eða mætt í skóla með ákveðnum leiðbeiningum um sóttvarnir. Sé niðurstaða prófanna neikvæð er einstaklingi ekki lengur skylt að vera í smitgát.

Frá 1. desember 2021 til og með 16. janúar 2022 voru 16.488 einstaklingar skráðir í þessa smitgát með sýnatöku og var stór hluti þeirra börn á skólaaldri. Einungis um 1% þeirra greindist með smit, ýmist í fyrri eða seinni skimun.

Full ástæða er til að endurskoða þetta fyrirkomulag sérstaklega í ljósi lágs hlutfalls smita og mikils fjölda sýna sem taka þarf.

Ég legg því til eftirfarandi:

Rakningateymi meti útsetningu fyrir smiti eins og áður. Þeir sem metnir eru með mikla/verulega útsetningu verði settir í sóttkví eins og til þessa hefur tíðkast. Þeir sem metnir eru með óverulega útsetningu verði hvattir til að fylgja leiðbeiningum um sóttvarnir í 7 daga án sýnatöku nema ef viðkomandi sýnir einkenni sem bent geta til COVID-19, þá fari hann í PCR próf.